

4. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt d-lið 3. greinar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að endurákvarða flokkun vegna breytinga á rekstri fyrirtækja eða vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Kirkjubæjarklaustri, 15. janúar 2001.

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Skaftárhreppi 2000.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skaftárhreppi, sbr. staflíð e, 1. gr. samþykktar frá 29. maí 1995, með síðari breytingum; um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi skal vera kr. 2.500 árið 2000.

Gjaldið skiptist sem hér segir:

Grunngjald kr. 500, sem innifelur akstur, skráningu og eftirlit.

Hundahreinsunargjald, kr. 2.000 á hvern hund sem innifelur lyf og kostnað við hundahreinsun.

Haldi sami aðili fleiri en einn hund greiðist eitt grunngjald kr. 500 og kr. 2000 á hvern hund umfram einn.

Allur kostnaður vegna förgunar og vörslu hunda sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður og bifreiðakostnaður skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni hunds, sbr. 2. og 3. gr. samþykktar um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi frá 29. maí 1995, með síðari breytingum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps, skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, gildir vegna eftir á innheimtu fyrir árið 2000.

Kirkjubæjarklaustri, 12. febrúar 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.